

Miðvikudagur, 25. september 2013

Fyrsti fundur

Sex meðlimir af átta mættir.

Mál á dagskrá:

1. Endurgjöf á starfsáætlun
2. Myndataka

1. Leikskólastjóri óskar eftir endurgjöf foreldraráðs á starfsáætlun Leikgarðs veturinn 2013-2014. Allir meðlimir foreldraráðs lesa starfsáætlun og skila sameiginlegri umsögn fyrir 4. október næstkomandi. Umsögnin verður aðgengileg öllum foreldrum á heimasíðu leikskólans.
2. Fyrirtækið Skólamyndir (skolamyndir.is) bauð leikskólanum að koma og mynda börnin. Foreldraráð samþykkti það. Teknar verða hópmyndir á hverri deild og mynd af hverju barni. Kaup á myndum fara fram í gegnum lokað vefsvæði fyrirtækisins þar sem mögulegt er að skoða myndirnar áður en þær eru keyptar. Leikskólinn hefur ekki milligöngu um greiðslu. Enginn er skuldbundinn til að kaupa mynd.

Sirry Sif Sigurlaugardóttir, ritari